

# Hvernig virkar þetta?

## Á lóðum

Gegndræpt yfirborð og gróðurbeð þar sem vatn á greiða leið niður í jarðvegin.



## Á grænum svæðum

Svæðin hönnuð þannig að vatn geti safnast þar á öruggan hátt í miklum rigningum.



## Í göturýmum

Vatn rennur í regnbeð meðfram götum þar sem það síast niður eða rennur áfram milli beða í átt að viðtaka, s.s. lækjum eða sjó.



english/polish

## Viltu vita meira?

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Grundarfjarðarbæjar.



# Blágrænn Grundarfjörður


Grundarfjarðarbær hefur hlotið LIFE styrk frá ESB til að bæta fráveitumál í bænum með blágrænum lausnum. Þetta eru lausnir sem hafa gefið góða raun víða annars staðar.



Hér má kynna sér hvernig blágrænar lausnir eru nýttar til að tækla aukna úrkomu á hagkvæman hátt og fegra bæinn í leiðinni.

## Gróskumikill Grundarfjörður

Grundarfjörður verður grænni, gróðursælli og gönguvænni.



Regnvatnið er notað til að næra gróður, grænka og fegra götur og almenningsrými, í stað þess að leiða það í lagnir neðanjarðar.

Fjárfest er í grænni og vænni bæ og komist hjá því að eyða fé í sífellt stærri lagnir undir yfirborði.

Grænna og fallegra umhverfi hvetur til útiveru, stuðlar að bættri lýðheilsu, styrkir vistkerfið og eykur líffræðilega fjölbreytni.

## Framsækinn Grundarfjörður

Létt verður á fráveitukerfinu með blágrænum lausnum í stað regnvatnslagna neðanjarðar.




Grundarfjörður verður í farabroddi á Íslandi við innleiðingu nútímalegra fráveitulausna.

Blágrænar regnvatnslausnir eru nýttar til að létta á fráveitukerfinu, sem annar ekki álagi í vaxandi bæjarfélagi.

Minna regnvatn í fráveitukerfinu þýðir að skólphreinsun verður auðveldari og hagkvæmari.

## Vistvænn Grundarfjörður

Náttúrumiðaðar lausnir draga úr flóðahættu og hreinsa mengun.



Náttúrumiðaðar lausnir binda vatn og jarðveg og draga úr álagi vegna aukinnar úrkomu.

Mengun af götum síast úr regnvatninu áður en það berst út í sjó.

Innleiðing blágrænna lausna er bæði mótvægisáðgerð og mikilvæg aðlögun að loftslagsbreytingum.